

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Reykárhverfi við Hrafnagil, Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin varðar Reykárhverfi við Hrafnagil og felst í eftirfarandi:

- Hluti opins svæðis til sérstakra nota sunnan Reykár verður íbúðabyggð.
- Svæði sunnan Laugarborgar þar sem var gert ráð fyrir íbúðum verður þjónustusvæði.
- Stækkun á íbúðarsvæði og minnkað opið svæði til sérstakra nota (skógræktarsvæði) norðan og vestan Laugarborgar.
- Íbúðarsvæði kemur í stað svæðis fyrir opinbera þjónustu norðan og norðaustan Laugarborgar.
- Ný veltenging frá Eyjafjarðarbraut vestri inn á íbúðarsvæði á svæði sem áður var skilgreint sem opið grænt óbyggt svæði.
- Athafnasvæði verður á hluta svæðis sem áður var opið grænt svæði til sérstakra nota og að hluta íbúðarsvæði ásamt nýrri veltengingu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. desember 2003.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.